

Fréttabréf Síðuskóla

5. bréf – janúar – skólaárið 2020-2021

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Gleðilegt nýtt ár 2021!

Við höfum nú kvatt árið 2020, verkefni þess voru mörg hver krefjandi og óvenjuleg. Við förum inn í nýja árið full bjartsýni, tilbúin að takast á við þær áskoranir og verkefni sem það býður okkur upp á. Skólastarf hefur farið vel af stað og takmarkanir litlar sem stendur, við höldum áfram að huga vel að sóttvörnum. Við búum áfram við það að skipulag getur breyst með stuttum fyrirvara þannig að það er mikilvægt að lesa vel allar upplýsingar sem berast frá skólanum. Verið í sambandi við okkur ef eitthvað er óljóst, það er mikilvægt svo allt gangi sem allra best.

Í jólamánuðinum keyptum við margar nýjar bækur á bókasafnið og færði FOKS okkur peningagjöf til að kaupa bækur, við erum afskaplega þakklát fyrir það. Það er mikilvægt að geta boðið nemendum upp á nýjar og áhugaverðar bækur og við þurfum að sameinast í því að hvetja börnin til dáða í lestrinum.

Við minnum á að ábyrg og örugg netnotkun er eitthvað sem allir foreldrar þurfa að huga að varðandi börnin sín. Á heimasíðu SAFT (www.saft.is) geta foreldrar fundið heilræði og leiðbeiningar um örugga netnotkun barna.

Við hér í skólanum lítum björtum augum til komandi árs og saman tökumst við á við þau verkefni sem bíða okkar. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera starfið í skólanum okkar sem árangursríkast, því saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.

Við þökkum ykkur fyrir samstarfið á liðnu ári og megi nýtt ár verða okkur öllum gott.

Með góðri kveðju inn í helgina!

Ólöf, Malli og Helga

Árshátíð Síðuskóla frestað

Sú ákvörðun hefur verið tekin að fresta árshátíð skólans til 18. og 19. mars. Við vonumst til að þá verði takmarkanir ekki eins miklar og nú eru og hægt að hafa áhorfendur í sal. Við ætlum einnig að færa skipulagsdaginn um einn dag. Hann er settur mánudaginn 25. janúar en



til að missa ekki tvo mánudaga úr skóla á svona stuttum tíma setjum við hann þriðjudaginn 26. janúar. Skráningar í frístund þessa daga verða fluttar yfir á nýjar dagsetningar.



Á döfinni

18. og 19. janúar

Stúlkan í turninum, tónleikar í Hofi fyrir 4.-6. bekk

26. janúar

Skipulagsdagur

Sálræn áföll, námskeið fyrir annað starfsfólk.

27. janúar

Ytra mat - matsaðilar frá Ásgarði koma




MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

JANÚAR 2021

05. jan	þri.	Kjötfarsbollur, brún sósa, kartöflur, meðlæti
06. jan	mið.	Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, köld sósa, salat, ávextir
07. jan	fim.	Lambagúllas, kartöflustappa, meðlæti
08. jan	fös.	Kjúklingapasta, pastasósa, grænmeti
11. jan	mán.	Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir
12. jan	þri.	Slátur, kartöflur, jafningur, ávextir
13. jan	mið.	Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir
14. jan	fim.	Grænmetispottréttur, hrísgrjón, salat
15. jan	fös.	Mjólkurgrautur, slátur
18. jan	mán.	Kjötbúðingur, kartöflur, bakaðar baunir, meðlæti
19. jan	þri.	Bleikja, kryddkartöflur, grænmeti, köld sósa
20. jan	mið.	Lambakjöt, hrísgrjón, karrýsósa, salat
21. jan	fim.	Samlokur
22. jan	fös.	Skyr, brauð og álegg
25. jan	mán.	Kjötsúpa, ávextir
26. jan	þri.	Skipulagsdagur
27. jan	mið.	Grænmetisbuff, hrísgrjón, köld sósa, salat
28. jan	fim.	Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir
29. jan	fös.	Gúllassúpa, súpubrauð

- Boðið er upp á frían hafragraut í morgunmat alla skóladaga -

Myndir úr skólanum





Einkunnarorð í janúar

Ábyrgð

Regla mánaðarins er:

„Við skiljum sælgæti og gos eftir heima“.

